



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ø (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 9. nóvember 2006

Tilvisun: UST20061000146/sf

### **Hringvegur um Hornafjarðarfjót. Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 24. október sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna hringvegar um Hornafjarðarfjót.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu að matsáætlun. Kaflaheiti og númer miðast við viðkomandi kafla í tillögu að matsáætlun.

#### **1.7 Framkvæmdakostir**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Vegagerðin leggur fram þrjár leiðir til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum. Allar þessar leiðir liggja mun sunnar en núverandi hringvegur. Ekki er gert ráð fyrir því að fjalla um endurbyggingu núverandi vegar í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um umhverfisáhrif þess að byggja upp núverandi veg og bera saman við umhverfisáhrif annarra valkosta.

Mögulegar veglínur geta legið um votlendissvæði og/eða leirur (grunnsævi). Umhverfisstofnun bendir á að votlendi á láglendi hefur víða verið raskað, einkum vegna framræslu og ræktunar mýra, og er það stefna íslenskra stjórnvalda að stuðlað verði að vernd votlendis og endurheimt þess, sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*). Að mati Umhverfisstofnunar er frekari röskun á votlendi því aðeins ásættanleg að almannahagsmunir krefjist þess, s.s. þegar um er að ræða vegagerð þar sem ekki eru aðrir ásættanlegir valkostir en þeir sem hafa í för með röskun votlendis, og þá því aðeins að endurheimt verði jafnmikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdirnar. Erfitt er þó um vik og nær ógjörningur að endurheimta grunnsævisvotlendisgerðir, sbr umfjöllun um mótvægisgerðir hér að neðan. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að lagður verði fram valkostur er hvorki raskar votlendi á Mýrum né leirum í Hornafirði og Skarðsfirði.

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.:

*„Við allar framlagðar tillögur er gert ráð fyrir að núverandi vegur verði nýttur sem innansveitarvegur. Á meðan viðhald á brú yfir Hornafjarðarfjót verður ekki kostnaðarsamt,*

*miðað við súlan rekstur, verður brúnni haldið við. Stærri viðgerðir til að auka burðarþol brúarinnar eru ekki fyrirhugaðar og er því viðbúið að notkunarmöguleikar hennar minnki eftir því sem árin líða.*"

Í matsáætluninni er jafnframt vísað til greinargerðar með aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem segir m.a.:

*„Vænta má þess að sá innansveitarvegur milli Nesja og Mýra sem verður til við lagningu nýja vegarins verði ferðamönnum afar áhugaverður."*

Umhverfisstofnun telur að ef gert verður ráð fyrir að núverandi vegur verði í framtíðinni innansveitarvegur og ferðamannavegur verði að gera ráð fyrir að honum verði nægjanlega við haldið, sem og brúnni yfir Hornafjarðarfljót, ella verði öryggi þeirra sem um hann leggja leið sína ábótant. Að mati stofnunarinnar er hvorki ásættanlegt út frá umhverfislegum forsendum né heldur öryggisjónarmiðum að brúin verði án viðhalds og látin grotna niður. Ef fyrirsjáanlegt er að brúnni verði í framtíðinni ekki haldið við vegna kostnaðar verði því að gera ráð fyrir að sá vegkafli verði aflagður og brúin fjarlægð.

### 3.1.2 Efnistaka

Í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að fjallað verði um efnistöku í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Gerð verður grein fyrir því hvar og á hvaða hátt efnin verður tekið ásamt því að fjalla um frágang vegsvæðis og efnistökusvæða að framkvæmdum loknum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggt verði að efnistaka verði með þeim hætti sem fjallað er um í frummattskýrslu og að ekki verði um að ræða breytingar á efnistökustöðum frá því sem þar er kynnt, eins og til dæmis þekkt er frá framkvæmdum vegna jarðganga undir Almannaskarð. Þá bendir stofnunin á að við val á efnistökustöðum þarf m.a. að taka tillit til sjónrænna áhrifa efnistökunnar, ekki síst þar sem fjöldi ferðamanna leggur leið sína um svæðið.

### 3.2 Áhrifasvæði framkvæmdarinnar

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að afmarkað verði sérstaklega áhrifasvæði vegna sjónrænna þátta og það sýnt á uppdrætti, auk þess sem afmarkað verði áhrifasvæði þar sem búast má við beinum áhrifum af framkvæmdinni.

### 4.1 Áætlaðar rannsóknir

Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að miðað er við að framkvæmdir við nýjan veg yfir Hornafjarðarfljót geti hafist árið 2008. Var því ákveðið að nýta sumarið 2006 til rannsókna og gagnaöflunar á vettvangi og munu rannsóknaraðilar skila skýrslum sínum haustið 2006.

Umhverfisstofnun telur gagnrýnivert að rannsóknum og gagnaöflun er að mestu leytí lokið áður en tillaga að matsáætlun hefur verið samþykkt, en samkvæmt 8. gr. laga nr.

106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er.

Umhverfisstofnun telur að matsáætlun þjóni ekki að fullu tilgangi sínum þegar rannsóknum er að mestu lokið þegar hún er lögð fram. Þá er að mati Umhverfisstofnunar tímarammami fyrir gerð frummattskýrslu of þróngur þar sem áætlað er að frummattskýrsla verði tilbúin í janúar 2007, sbr. umfjöllun í kafla 5.1 í tillögu að matsáætlun. Gera verður ráð fyrir þeim möguleika að fram komi tilmæli um úttektir, mælingar og/eða rannsóknir í athugasemdum við tillögu að matsáætlun og þarf tímaáætlun að taka mið af því.

#### 4.1.3 Hávaði

Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir niðurstöðum útreikninga á umferðarhávaða við íbúðarhús á svæðinu miðað við núverandi umferð um Hringveg og samkvæmt umferðarspá fyrir svæðið á árinu 2025.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að niðurstöður útreikninga verði sýndar á myndrænan hátt í frummatsskýrslu. Stofnunin vekur athygli á að við mat á hávaða frá vegum á uppfyllingum í Skarðsfirði og Hornafirði þarf að taka tillit til þess að hávaði berst vel eftir vatnsfleti (sbr. einnig umsögn Hollustverndar ríkisins dags. 7. apríl 2000 um drög að aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

#### 4.1.5 Gróðurfar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að aflað hafi verið gagna um gróðurfar á rannsóknarsvæðinu sumarið 2006 og útbúið gróðurkort af því. Hins vegar kemur ekki fram í hvaða mælikvarða gróðurkortið er unnið.

Umhverfisstofnun telur almennt æskilegt að mælikvarði korta af gróðurhverfum sé í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði er verið að kortleggja. Jafnframt telur stofnunin að birta ætti yfirlitskort af gróðurlendum í matsskýrslu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ef sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista finnast á rannsóknarsvæðinu verði búsvæði þeirra sýnd á korti sem einnig sýnir þær veglínur sem fjallað er um í frummatsskýrslu.

#### 4.1.9 Vatnafar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þrengt verður að vatnsföllum með varnargörðum, vegfyllingum og brúm. Samkvæmt tillöggunni verða staðsetning og lengd brúa, varnargarðar og hæð vegarins hönnuð með það fyrir augum að áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar verði sem minnst og verða vatnsop hönnuð í samræmi við mögulegt hámarksrennsli.

Umhverfisstofnun telur að skýra verði hvað felist í því að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst, auk þess sem gera verði ítarlega grein fyrir því í frummatsskýrslu hver verði áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar, þ.m.t. áhrif á sjávarhæð og sjávarföll.

#### 4.1.12 Landslag, ásýnd lands

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að mat verði lagt á þau áhrif sem framkvæmd hefur á landslag en einnig verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á útsýni frá helstu útsýnisstöðum sem og útsýni frá nýjum veglínum. Ekki kemur hins vegar nánar fram hvernig áhrif á landslag og sjónræn áhrif verða metin.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um sjónræn áhrif mismunandi valkosta með myndrænum hætti, s.s. með ljósmyndum frá völdum stöðum/útsýnisstöðum. Tilgreina þarf hvar myndirnar eru teknar, hvert sjónarhornið er og hvað myndirnar eiga að sýna. Auk þess að sýna útsýni frá nýjum veglínum þarf að sýna útsýni frá núverandi veginum og þéttbýlinu á Höfn.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi með tölvugerðum myndum að sýna og gera samanburð á landslagi fyrir og eftir framkvæmdir.

### 5.2 Samráð

Í kafla 5.2 er Umhverfisstofnun tilgreind sem leyfisveitandi og umsagnaraðili. Umhverfisstofnun vekur athygli á að stofnunin er ekki leyfisveitandi vegna framkvæmdarinnar.

## Mótvægisaðgerðir

Í frummattskýrslu þarf að fjalla um mögulegar mótvægisaðgerðir vegna neikvæðra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Við lagningu vegar um Hornafjörð og Skarðsfjörð fer grunnsævi undir veg. Umhverfisstofnun bendir á að í samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningur) er votlendissvæði skilgreint mjög viðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Grunnsævi telst því einnig til votlendis skv. samningnum. Í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið mörkuð sú stefna að ef fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér rask á votlendi verði endurheimt a.m.k. jafnmikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdirnar. Ekki hefur þó enn verið gerð krafa um endurheimt leira eða fjörugerða á grunnsævi, heldur hefur eingöngu verið um að ræða endurheimt votlendis á landi. Ætla má að erfitt sé um vik við endurheimt grunnsævis af þessari gerð en slíkt hlýtur að kalla á enn ihalddssamari stefnu hvað varðar rask á grunnsævisvotlendisgerðum vegna framkvæmda. Umhverfisstofnun telur endurheimt fyrrgreindra votlendisaðgerða sem mótvægisaðgerð nánast vera ógjörning og eiga mótvægisaðgerðir í tilvikum sem þessum því fyrst og fremst að felast í því að raska þeim ekki.

## Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun telur að í frummattskýrslu þurfí að leggja fram mat á það hvort þörf er á vöktun vegna umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar og í hverju sú vöktun skuli fólgin. Ef þörf er vöktunar þarf að koma fram til hvaða aðgerða megi grípa ef í ljós kemur að áhrif framkvæmdanna verði meiri og/eða önnur en gert er ráð fyrir.

Virðingarfyllst

Sigrún Ó. Friðriksdóttir  
tagstjóri

Helgi Jónasson  
forstöðumaður